Ed. **702. Frumvarp til laga** **[178. mál]**

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 530 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:
Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:
a. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
b. — — 1% — — verzlunarskipa.
c. — — 1½% — hvers konar iðnaðarrekstri.
d. — — 2% — öðrum atvinnurekstri.

Aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu má eigi nema hærri hundraðshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en veltuútsvar var á hverjum stað árið 1961. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem ekki lögðu á veltuútsvör, eða lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1961, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík það ár, að hækka aðstöðugjald allt að þeim hundraðshluta, sem veltuútsvör þar voru þá á lögð.

18. gr. hljóðar svo:
Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:
a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja samkvæmt 17. gr. a.
b. 1½% af heildarsölu stofnana þeirra, er um getur í 17. gr. b.
c. 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. c.